

4. 40. gr. B., fyrri málsgrein orðist svo:

Enn fremur skulu stúdentar leysa af hendi skriflegar æfingar sem hér segir: Fjórar í Nýja testamentisfræðum, tvær í Gamla testamentisfræðum, tvær í trúfræði, tvær í siðfræði, tvær í kirkjusögu, eina í almennum trúarbragðafræðum. Skulu æfingar þessar að jafnaði leystar af hendi í misserislok.

2. gr.

1. Við upptalning kennslugreina í viðskiptadeild í 2. tölulið 48. gr. bætist:
 28. Stærðfræðileg hagfræði.
 29. Áhættukenningar.
2. Í upptalningu prófgreina síðara hluta prófs í viðskiptadeild í 50. gr. komi á eftir 17. lið:
 18. Stærðfræðileg hagfræði.
 19. Áhættukenningar.
 Núverandi 18. liður (Ritgerð) verður 20. liður í upptalningunni.
3. Í 2. málsg. á eftir upptalningu prófgreina síðara hluta prófs í viðskiptadeild í 50. gr. breytist setningin: „Prófgreinar 10—16 hafa gildið $\frac{1}{2}$ “ á þessa lund: Prófgreinar 10—16 og 18—19 hafa gildið $\frac{1}{2}$.

3. gr.

Í 84. gr., 2. tölulið, falli brott eftirfarandi ákvæði: „Prófessorsembætti í tannlæknisfræði í klínískum greinum skulu eigi veitt öðrum en tannlæknum, sem stundað hafa í 3 ár hið skemmsta sérnám í aðalgrein prófessorsembættisins við háskóla eða aðra viðurkennda stofnun.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. febrúar 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

FORSETABRÉF

um að kveðja Alþingi til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég veiti forsætisráðherra, umboð til þess að kveðja Alþingi saman til framhaldsfundar mánudaginn 2. marz 1970, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 21. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.